



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
páskadag
4. apríl 2021**

Kæru landsmenn.

Ég heilsa ykkur á páskadegi, færi ykkur alúðarkveðjur okkar hjóna. Á sama tíma í fyrra flutti ég einnig ávarp af þessu tagi, í skugga þess heimsfaraldurs sem þá var nýhafinn. Þá átti ég ekki von á því að kveðja mér aftur hljóðs á þessum degi af sama tilefni. Þá máttum við allt eins ætla að vanda okkar lyki senn. Svo fór ekki. Nú búum við enn eina ferðina við hömlur á mannamót og verðum að þola aðrar brýnar sóttvarnir. Áfram þurfum við því að sýna þá þrautseigju sem hefur reynst okkur svo vel. Og við skulum í það minnsta vona að ávarp í þessum anda verði ekki flutt í þriðja sinn að ári. Þá myndi kannski reyna enn frekar á þolgæði landsmanna.

Veiran, sem nú hefur leikið lausum hala vel á annað ár, varpaði þegar í stað ljósi á vanmátt okkar og smæð. Þrátt fyrir fjölbreyttar framfarir þjuggum við ekki yfir lyfjum eða lækningum við nýrri tegund farsóttar.

Já, pestin má kenna mannkyni auðmýkt og hér á Íslandi erum við stöðugt minnt á ægimátt náttúrunnar. Enn eru mörgum í fersku minni harðindi í fyrravetur, með rafmagnsleysi og þrengingum norðanlands og víðar. Snjóflóð féllu vestra og guðsmildi að enginn beið þar bana. Laust fyrir síðustu jól ollu skriður feikna skemmdum á Seyðisfirði og snemma árs hófst öflug skjálftahrina á Reykjaneskaga.

Og svo byrjaði að gjósa. Blessunarlega mun jarðeldurinn í Geldingadölum tæpast ógna lífi og limum, ekki nema fólk fari sér að voða í nánd við kraftinn sem þarna leysist úr læðingi. Gaman hefur verið að sjá hversu margir landsmenn kunna að búa sig til farar í óbyggðum – öflugur vitnisburður um það að við Íslendingar unnum útivist upp til hópa. Vissulega vanmátu sumir göngugarpar aðstæður, ofmátu eigin getu og lentu í vandræðum. Einnig er afleitt að sum hafa skilið eftir sig rusl á þessum kynngimagnaða stað, þessu hringleikahúsi

sköpunarverksins. Reynum öll að sýna náttúru og náunga sjálfsagða virðingu, hvarvetna og hverju sinni.

Hér og nú færi ég björgunarsveitum og lögreglu líka þakkir fyrir alla þeirra liðveislu í og við gosstöðvarnar. Mest hefur mætt á félögum björgunarsveitanna á Suðurnesjum en aðrar sveitir hafa einnig látið til sín taka. Á methraða voru stikaðar leiðir, kaðlar lagðir til halds og trausts, bílastæði útbúin. Þetta ber að þakka en svo er undir hverri manneskju komið að bera ábyrgð á sér sjálfri, fara að öllu með gát, reyna að vera til liðs frekar en ama – en kalla að sjálfsögðu eftir hjálp ef í nauðir rekur.

Ábyrgð og samstaða. Síðustu misseri höfum við glímt við þann vágest sem áður var getið. Fólk hefur látið lífið, allnokkur hafa veikst illa. Þjóðfélagsástandið setur mark sitt á sálarlíf margra. Kvíði eykst og heimilisofbeldi sömuleiðis sem aldrei skyldi verða. Atvinnuleysi og ýmsar búsigfar einkenna efnahaginn.

Örvæntum samt ekki. Sem betur fer eru þau mörg sem hafa staðið í ströngu í þágu okkar allra. Það hefur löngum þótt góður siður hér á landi að þakka það sem vel er gert og þetta hef ég viljað gera, nota ýmis tækifæri til að þakka drjúg störf og annan atbeina. Enn ítreka ég því þakkir til allra þeirra sem við höfum reitt okkur á í fárinu.

Hvar værum við hin stödd án alls þessa fólks? Og hvar værum við stödd ef við hefðum ekki notið þekkingar og leiðsagnar þeirra sem völdust til forystu, þríeykisins þjóðþekktu og annarra?

Að sjálfsögðu sýnist sitt hverjum í þessum efnum. Valdhafar, sérfræðingar og aðrar manneskjur hafa gert sín mistök í þessari sögu allri, skárri væri það nú. Hitt er þó alveg víst: Þjóðareining um sameiginlegar sóttvarnir hefur dugað okkur vel, seiglan sömuleiðis. Sundurlyndi og vonleysi hefði ekki skilað þeim árangri sem við getum nú unað við. Mætti fólk um víða veröld velja sér skjól frá hinni skæðu veiru yrði Ísland ofarlega á slíkum lista. Þeirri staðreynd má fagna.

Höldum því áfram á braut samstöðu. Missum ekki móðinn og lærum af reynslunni, reynum ætíð að gera betur. Þegar saga þessa faraldurs verður skráð verður lærdómurinn vísast sá að mestu skipti að fólk sinni sem best eigin sóttvörnum, að allur almenningur fallist á rök vísindafólks um nauðsynlegar aðgerðir, að stjórnvöld fylgi sem mest ráðum sérfróðra, að sannfæring ráði en ekki valdboð, að hið opinbera og einkaframtak styrki hvert annað, að við vinnum með vinþjóðum en reiðum okkur líka á eigin atgervi, að tryggt sé að gloppur opnast ekki í vörnum okkar við landsteinana. Þetta vitum við hér heima, út frá öllu því sem vel gekk og hinu sem hefði verið hægt að gera enn betur.

Þar að auki þurfum við að eiga von. „Vonin er hættuleg, gerir mann hugstola“ segir lífstíðarfanginn Red í Shawshank Redemption, þeirri þekktu

kvikmynd eftir sögu Stephens King. „Vonin er hættuleg fyrir konu eins og mig,“ syngur söngkonan Lana Del Rey í vinsælu lagi. En í hvorum tveggja skáldskapnum er síðan minnst á þann mátt sem voninni fylgir. Og nú er lóan komin, vorboðinn ljúfi. „Hún hefir sagt mér að vakna og vinna,“ segir í ljóði Páls Ólafssonar, „og vonglaður taka nú sumrinu mót“.

Víst þurfum við enn að bíða fullrar bólusetningar landslýðs og heimsbyggðarinnar allrar. Væntanlega er enn bið á því að ferðaþjónustan dafni á ný og hagkerfið í heild sinni um leið. Væntanlega þurfum við að ferðast innanlands í sumar og jafnvel innanhúss og innan hauss eins og einhver sagði.

En það þarf nú ekki að vera svo slæmt og það er von, von sem er byggð á raunsæi, byggð á því að það birtir alltaf til. Í krafti vísinda og þekkingar munum við ná tökum á skaðvaldinum þótt vera megi að við þurfum að lifa með honum um langt skeið. Meira að segja má vel vera að eldgosíð verði okkur til happs ef allt fer vel á vettvangi. Við höfum löngum kunnað að meta góða landkynningu.

Kæru landsmenn. Páskar eru hátíð vonar í kristnum síð. Þeir boða bjartari tíð, ævaforð fagnaður hækkandi sólar. Njótum þess sem landið okkar frábæra hefur að bjóða, njótum þess sem við mannfólkið getum fært hvert öðru í menningu og listum, í allri dagsins önn.

Fyrir hönd okkar Elizu ítreka ég góðar óskir og kveðjur til ykkar allra. Gleðilega páska.